

Stjórnarfundur 3. september 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Svafar Magnússon, Sigurbjörn Þórmundsson, Heiðrún Sigurðardóttir og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp og hún samþykkt samhljóða.

2. Landsþing LH

Vilji er meðal forsvarsmanna hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu að funda saman og ræða sameiginlegar tillögur fyrir landsþing LH. Tóti og Hjörtur munu taka saman lista yfir þá fulltrúa sem fara fyrir hönd Fáks og hafa milligöngu um boðun þeirra á þennan fund.

3. Félagshesthúsin

Rætt um félagshesthúsin og ákveðið að halda áfram að leigja 15-20 pláss af Obbu (fer eftir eftirspurn).

4. Mótaskrá og aðrir viðburðir

Tóti leggur til nýjar dagsetningar fyrir Reykjavíkurmót og Gæðingamót nk. vor. Bjóssi mun leggja tillögurnar fyrir mótanefnd. Stjórn Fáks óskar eftir tillögu frá mótanefnd að dagsetningum og skipulagi vetrarmóta/Almannadalsmóts.

5. Félagsheimilið

Rætt um rekstur félagsheimilisins. Ákveðið að auglýsa eftir nýjum rekstraraðilum. Búið er að ganga frá uppgjöri við fyrrum rekstaraðila.

6. Almannadalur

Fulltrúar stjórnar Fáks fóru á fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar vegna Almannadals, þar sem rætt var um verkferla vegna framkvæmda á svæðinu. Engin niðurstaða fékkst af fundinum. Eftir fundinn skrifaði Hjörtur formlegt bréf til fulltrúa Reykjavíkurborgar þar sem hann ítrekaði kröfu stjórnar að Fákur hafi fullt forræði yfir svæðinu, enda svæðinu upphaflega úthlutað til Fáks. Í framhaldinu fór Hjörtur ásamt Hrólfi Jónssyni á annan fund með fulltrúum umhverfissviðs Reykjavíkurborgar þar sem krafa Fáks var endanlega staðfest. Allar fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu verða því að fara í gegnum Fák áður en leyfi er gefið fyrir þeim. Hrólfur Jónsson mun mæta á fundi Reykjavíkurborgar með Hirti sem fulltrúi Fáks héðan í frá.

7. HRFÍ

Leigusamningur við HRFÍ frá 2015 rennur út um næstu áramót. Rætt um hvort endurnýja eigi samninginn eða ekki. Tímasetningar HRFÍ hafa hingað til hentað illa vegna notkunar á reiðhöllinni. Hjörtur og Tóti munu ræða við forsvarsmenn HRFÍ.

8. Meistaradeild æskunnar

Við upphaf Meistaradeildar æskunnar samþykkti Fákur að leggja til húsnæðið fyrsta árið. Stjórn samþykkir að halda áfram að leggja húsnæðið til frítt, en nauðsynlegt er að rukka fyrir útlagðan kostnað. Tóti mun taka saman kostnaðinn.

9. Önnur mál:

a. Hringgerði við A-tröð

Hringgerðið við A-tröðina verður sett aftur upp á næstunni og gengið almennilega frá eftir Landsmót.

b. Nýjar reiðskemmur

Hösið jhs

Staða á nýjum reiðskemmunum er sú að verið er að finna leiðir til að lækka kostnað við gatnagerðargjöld.

c. Fákssblaðið

Það vantar ritstjóra að Fákssblaðinu. Bjössu ræðir við Jón Finn.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Fundargerð rituði Heiðrún Sig.

Heiðrún Sig.